

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Mánudaginn 25. september 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 16:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Vilhelm Björn Harðarson verkefnastjóri áhaldahúss og verklegra framkvæmda og Ólafur Þór Ólafsson staðgengill sveitarstjóra.

Oddviti stjórnaði fundi, staðgengill sveitarstjóra ritaði fundargerð.

Dagskrá:**1. Útboð sorphirðu**

Á grundvelli fyrirliggjandi rýni á tilboð sem bárust í sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Húnaþingi vestra, Skagabyggð og Sveitarfélaginu Skagaströnd frá Terra umhverfisþjónustu og Íslenska gámafélaginu, ákváðu bæði Húnaþing vestra og Skagaströnd að óska eftir lengri fresti til 25. september til að taka afstöðu til tilboða.

Staðgengill sveitarstjóra gerði grein fyrir samskiptum við ráðgjafa vegna útboðs á sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. Grundvöllur virðist vera til þess að skýra og mögulega lækka tiltekna liði í tilboði lægstbjóðanda í formlegum samningsviðræðum á grundvelli 86. gr. laga um opinber innkaup og verður megináhersla lögð á að skýra framkvæmd og lágmarka hættu á ágreiningi varðandi framkvæmd samningsins. Einnig er markmið að skýra ákveðna liði með tilliti til framleiðendaábyrgðar og greiðslna frá Úrvinnslusjóði.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

„Sveitarstjórn samþykkir að hafnar verði samningsviðræður við lægstbjóðanda, Terra umhverfisþjónustu hf., á grundvelli 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.17:30



Halldór Gunnar Ólafsson


Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir


Erla María Lárusdóttir


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Arnar Ólafur Viggósson


Ólafur Þór Ólafsson


Vilhelm Björn Harðarson